

Frumvarp til sviðslistalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

I. KAFLI Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að efla íslenskar sviðslistir, kveða á um skipan og fyrirkomulag og búa þeim hagstæð skilyrði. Með sviðslistum er átt við leiklist, listdans, óperuflutning, brúðuleik og skylda liststarfsemi sem heyrir ekki undir lög um aðrar listgreinar.

Ráðherra fer með yfirstjórn sviðslistamála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI Þjóðleikhús.

2. gr.

Hlutverk.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og aðrar sviðslistir.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og stuðla að þróun þeirra og nýsköpun. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Helstu verkefni.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra leikverka, nýrra og gamalla, og að stuðla að frumsköpun í íslenskum sviðslistum. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggja skal að á dagskrá hvers leikárs séu frumflutt íslensk leikverk og verk sérstaklega ætluð börnum og unglíngum. Einnig skal leikhúsið annast fræðslu- og kynningarstarf og standa að leikferðum.

4. gr.

Þjóðleikhússtjóri.

Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Skipaður skal maður með háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu á sviðslistum og starfssviði leikhúss. Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með endurráðningu.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess. Hann er í fyrirsvari fyrir leikhúsið og annast daglega stjórnun samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Hann ræður starfsmenn og ber ábyrgð á listrænum og fjárhagslegum rekstri, svo og gerð langtímaáætlunar og að starfsemi leikhússins sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð.

Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Leiklistarsamband Íslands tilnefniir tvo fulltrúa en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í þjóðleikhúsráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Þjóðleikhúsráð er þjóðleikhússtjóra til ráðgjafar um stefnu leikhússins og önnur málefni er varða starfsemi þess. Ráðið veitir þjóðleikhússtjóra umsögn um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir, vinnur með honum að langtímaáætlun um starfsemina og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

6. gr.

Samstarf.

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna sviðslistum ef það verður til að auka fjölbreytni og skapa listrænan ávinning fyrir aðilana.

Leikhúsið skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera leiklistarnemendum kleift að fylgjast með starfi leikhússins.

Leikhúsið skal einnig stuðla að listuppeldi og fræðslustarfi í samstarfi við menntastofnanir og gera nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi leikhússins eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Önnur notkun hússins.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til reglubundinnar starfsemi leikhússins samkvæmt þessum lögum má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

8. gr.

Kostnaður.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

9. gr.

Þjóðleikhúsbygging.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

III. KAFLI
Íslenski dansflokkurinn.

10. gr.

Hlutverk.

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæð ríkisstofnun. Hlutverk hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssonsmíði og vera að öðru leyti vettvangur fyrir eflingu og framþróun danslistar á Íslandi.

11. gr.

Helstu verkefni.

Aðalverkefni Íslenska dansflokksins eru sýningar á íslenskum og erlendum dansverkum. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggja skal að á dagskrá hvers starfsárs séu íslensk dansverk. Einnig skal dansflokkurinn annast fræðslu- og kynningarstarf og standa að sýningarferðum.

12. gr.

Listdansstjóri.

Ráðherra skipar listdansstjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Skipaður skal maður með háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu á listdansi og starfssviði dansflokks. Endurnýja má skipun listdansstjóra einu sinni til næstu fimm ára ef meiri hluti stjórnar mælir með endurráðningu.

Listdansstjóri er stjórnandi dansflokksins og markar listræna stefnu hans. Hann er í fyrirsvari fyrir dansflokkinn og annast daglega stjórnun samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun að fenginni umsögn stjórnar. Hann ræður starfsmenn og ber ábyrgð á listrænum og fjárhagslegum rekstri, svo og gerð langtímaáætlunar og að starfsemi dansflokksins sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

13. gr.

Stjórn.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn Íslenska dansflokksins. Leiklistarsamband Íslands tilnefni einn fulltrúa en tveir skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórnina lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Stjórn Íslenska dansflokksins er listdansstjóra til ráðgjafar um stefnu dansflokksins og önnur málefni er varða starfsemi hans. Hún veitir listdansstjóra umsögn um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir, vinnur með honum að langtímaáætlun um starfsemina og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

14. gr.

Samstarf.

Íslenski dansflokkurinn skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna listdansi ef það verður til að auka fjölbreytni og skapa listrænan ávinning fyrir aðilana.

Dansflokkurinn skal stuðla að listuppeldi og fræðslustarfi í samstarfi við menntastofnanir og gera nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi dansflokksins eftir því sem við verður komið.

15. gr.

Kostnaður.

Kostnaður af rekstri Íslenska dansflokksins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé dansflokksins hrekkur ekki til.

IV. KAFLI

Önnur sviðslistastarfsemi.

16. gr.

Sviðslistaráð.

Ráðherra skipar fimm manna sviðslistaráð til þriggja ára í senn. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir fjóra fulltrúa. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmanntil í sviðslistaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

17. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sviðslistaráðs er að vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni íslenskra sviðslista. Hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum rækir ráðið m. a. með því að:

- a. veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
- b. gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn, sbr. 5. mgr. 18. gr.,
- c. úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði,
- d. kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis,
- e. efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana,
- f. sinna öðrum verkefnum sem falla undir hlutverk þess eða ráðherra kann að fela því.

Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ráðherra er heimilt að fela sviðslistaráði að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila um framkvæmd verkefna sem unnin eru í þess þágu og til að annast almenna umsýslu vegna starfsemi ráðsins og sviðslistasjóðs, sbr. 3. mgr. 18. gr.

18. gr.

Sviðslistasjóður.

Sviðslistasjóður hefur það hlutverk að efla íslenskar sviðslistir með fjárhagslegum stuðningi, samkvæmt fjárlögum, og kosta önnur verkefni er falla undir hlutverk og starfsemi sviðslistaráðs, sbr. 17. gr. Umsjón með fjármunum sjóðsins er í höndum sviðslistaráðs.

Ráðherra er heimilt á grundvelli tillögu frá sviðslistaráði að gera, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum, tímabundinn samning fyrir hönd ríkissjóðs til stuðnings starfsemi atvinnusviðslistahópa, atvinnuleikhúsa og sviðslistahátíða. Í slíkum samningi við lögaðila skal gerður fyrirvari um stuðning hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.

Ráðherra getur heimilað sviðslistaráði að semja við til þess bæran aðila að halda utan um fjármuni og rekstur sjóðsins. Ráðið ber ábyrgð á umsýslu og fjárreiðum sviðslistasjóðs.

Sviðslistaráð ákveður árlega skiptingu ráðstöfunarfjár sviðslistasjóðs á fjárlögum á milli viðfangsefna hans, sbr. 1. mgr. 17. gr., og úthlutar úr sjóðnum. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og sæta ekki kæru til ráðherra.

Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára. Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Í reglum má mæla fyrir um heimild til þess að leita umsagnar manna með sérkunnáttu um einstakar umsóknir.

Kostnaður af starfsemi sviðslistaráðs greiðist úr sviðslistasjóði.

Um veitingu starfslauna til sviðslistafólks fer samkvæmt ákvæðum laga um listamanna-laun, nr. 57/2009.

19. gr.

Reglubundin óperustarfsemi.

Stuðla skal að því að glæða áhuga landsmanna á óperum og skapa grundvöll fyrir reglubundinn óperuflutning. Í því skyni er ráðherra heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs tímabundinn samning við lögaðila, félög eða stofnanir um fjárstuðning, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum.

20. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga í heild eða einstaka kafla þeirra.

21. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma falla úr gildi leiklistarlög, nr. 138/1998, og reglur nr. 14/2002, um starfsemi Íslenska dansflokksins, að undanskildum ákvæðum 5. gr. um starfslok fastráðinna dansara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2013 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laganna, m.a. með því að óska eftir tilnefningum í og skipa þjóðleikhúsráð, sbr. 5. gr., stjórn Íslenska dansflokksins, sbr. 13. gr., og sviðslistaráð, sbr. 16. gr.

Gildistaka laganna raskar ekki skipunartíma núverandi þjóðleikhússtjóra sem er til 1. janúar 2015 og skipunartíma listdansstjóra Íslenska dansflokksins sem er til 31. júlí 2017.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. um hámarks lengd skipunartíma þjóðleikhússtjóra gildir frá og með fyrstu skipun í embætti eftir gildistöku laganna.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. um hámarks lengd á samfelldum skipunartíma listdansstjóra gildir frá og með fyrstu skipun í embætti eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Árið 1998 voru sett leiklistarlög, nr. 138. Þau leystu af hólmi lög um Þjóðleikhúsið og sköpuðu lagagrundvöll fyrir skipun leiklistaráðs og fjárframlög til annarrar leiklistarstarfsemi en í Þjóðleikhúsinu. Á grundvelli 1. mgr. 14. gr. þeirra laga voru á árinu 1999 settar reglur um Íslenska dansflokkinn, nr. 878/1999. Vegna ýmissa breytinga, sem orðið hafa á

umhverfi leiklistar og annarra sviðslista, er það mat ráðuneytisins að æskilegt sé að fella í ein lög ákvæði um stuðning ríkisins við sviðslistastarfsemi atvinnulistamanna. Hér er einkum um að ræða starfsemi Þjóðleikhússins, Íslenska dansflokksins og leiklistarráðs. Þá er verið að víkka starfssviðið til sviðslista í heild sinni en auk leiklistar hefur listdans verið í sókn að undanfögnu, svo og óperustarfsemi. Endurskoðun á leiklistarlögum hefur um skeið verið í undirbúningi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hefur á seinni stigum þeirrar vinnu verið haft samráð við hlutaðeigandi stofnanir og samtök.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 140. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju með smávægilegum breytingum þar sem m.a. hefur verið tekið tillit til athugasemda hagsmunaaðila eins og nánar er gerð grein fyrir í IV. kafla.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Á þeim rúma áratug, sem liðinn er frá setningu leiklistarlaga, nr. 138/1998, hafa orðið ýmsar breytingar sem kalla á endurskoðun. Starfsrammi stofnana hefur breyst og ábyrgð stjórnenda aukist. Meira framboð á menntun, bæði hér á landi og erlendis, hefur leitt til þess að sífellt fjölgar þeim sem leitast við að skapa sér atvinnu á þessum vettvangi. Nauðsyn var því á að víkka út hugtakið leiklist til að ná til allra sviðslista þar sem m.a. listdansi hefur vaxið fiskur um hrygg. Þá hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti unnið að breytingum á sviði bókmennta, myndlistar og tónlistar í þá veru að skipa ráð eða stjórn fyrir viðkomandi listgrein sem er ráðherra til ráðgjafar um málefni hennar og stofna sjóð til að efla hana með veitingu styrkja ásamt því að skapa grundvöll fyrir rekstur skrifstofu/miðstöðvar sem þjónaði viðkomandi sjóði og stæði að kynningu á listgreininni hér á landi og erlendis. Breyting á leiklistarlögum í sömu veru er talin nauðsynleg til að framangreindir sjóðir og ráð/stjórnir starfi öll við sömu lagaskilyrði, enda auðveldar það stjórnsýslu, yfirsýn og samvinnu sjóðanna.

Íslenski dansflokkurinn hefur hingað til einungis starfað samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setti honum, fyrst nr. 878/1999 og nú nr. 14/2002, sbr. einnig breytingu á þeim nr. 918/2004. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði um dansflokkinn verði felld inn í þessa rammalöggjöf.

Meginmarkmið lagasetningarinnar er að laga starfsramma Þjóðleikhússins að ríkjandi starfssviði, skapa skýrari lagagrundvöll fyrir starfsemi Íslenska dansflokksins og skjóta styrkum stoðum undir starfsemi sviðslistaráðs og rekstur sviðslistasjóðs, svo og óperustarfsemi.

III. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er hugtakið sviðslistir kynnt og skilgreint, en það er notað yfir leiklist, listdans, óperuflutning, brúðuleik og aðrar skyldar listgreinar, svo sem fjölleikahús o.fl. sem ekki falla undir starfsemi annarra sjóða eða ráða á sviði lista. Á norrænum málum er gjarnan notað heitið scenekunst (d) yfir þær listgreinar sem hér um ræðir. Á ensku er notað heitið *the performing arts*, sem í sumum tilvikum er þó einnig notað yfir tónlist.

Nokkrar breytingar eru gerðar á II. kafla gildandi laga þar sem fjallað er um Þjóðleikhúsið. Helst er að í starfsemi leikhússins verður megináhersla lögð á íslensk og erlend leikverk þar sem óperustarfsemi hefur á undanfögnu árum nær alfarið verið á vegum Íslensku óperunnar og listdans hjá Íslenska dansflokknum og fjölmörgum öðrum danshópum þó að leikhúsið sinnti einnig öðrum sviðslistum. Þá er lagt til að hægt verði að endurnýja skipun þjóðleikhússtjóra annað tímabil ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með endurráðningu og

að krafist sé háskólamenntunar í listum eða sambærilegrar menntunar og staðgóðrar reynslu og þekkingar á sviðslistum og starfssviði leikhúss til að geta hlotið skipun í starfið. Lagt er til að Þjóðleikhúsráð verði áfram skipað fimm fulltrúum. Þar sem Leiklistarsamband Íslands eru heildarsamtök sviðslistafólks er lagt til að það tilnefni tvo fulltrúa. Í núgildandi lögum eru það annars vegar Félag íslenskra leikara og hins vegar Félag leikstjóra á Íslandi sem tilnefna hvort sinn fulltrúa, en þessi félög eiga aðild að Leiklistarsambandinu. Hlutverk ráðsins er lagað að þeim lagaramma sem gildir um störf forstöðumanna og lögð áhersla á ráðgjafar- og eftirlitshlutverk ráðsins, en því er ekki ætlað að samþykkja starfs- og rekstraráætlanir eins og er samkvæmt gildandi lögum heldur veita ráð og umsagnir. Lagt er til að 8. gr. gildandi laga verði felld niður þar sem stjórnun starfseminnar og skipulag, þ.e. innra starfsskipulag, er á valdi Þjóðleikhússtjóra samkvæmt erindisbréfi og árangursstjórnunarsamningi ráðuneytisins og leikhússins.

Í III. kafla er fjallað um Íslenska dansflokkinn sem hefur starfað samkvæmt sérstökum reglum um starfsemi hans. Uppbygging kaflans er hliðstæð kaflanum um Þjóðleikhúsið. Gert er ráð fyrir þriggja manna stjórn eins og hingað til, en að Leiklistarsamband Íslands tilnefni einn fulltrúa í stað Félags íslenskra listdansara.

Lagt er til að III. og IV. kafla gildandi laga verði slegið saman í einn kafla er fjalli um aðra sviðslistastarfsemi en þá sem fellur undir Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn. Í þessum kafla, IV. kafla, eru ákvæði um sviðslistaráð og sviðslistasjóð sem þjóni atvinnu- mönnum. Samkvæmt gildandi leiklistarlögum veitir Alþingi árlega fé á fjárlögum til stuðnings starfsemi atvinnuleikhópa. Leiklistarráð hefur gert tillögu til ráðherra um úthlutun til atvinnuleikhópa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sviðslistaráð úthluti úr sviðslistasjóði og að ákvarðanir þess séu endanlegar. Í frumvarpinu er lagt til að sviðslistaráð taki við af leiklistarráði. Fjölgað yrði í ráðinu um tvo fulltrúa. Leiklistarsamband Íslands, sem eru heildarsamtök þeirra sem starfa á vettvangi sviðslista, tilnefni fjóra fulltrúa. Með því er leitast við að tryggja að fulltrúar hinna ýmsu sviðslistagreina eigi fulltrúa í ráðinu. Ráðherra skipi einn fulltrúa án tilnefningar og yrði hann skipaður formaður en varaformaður yrði skipaður úr hópi aðalfulltrúa. Varamenn yrðu skipaðir með sama hætti. Gerð er tillaga um að sviðslistaráð geti fengið heimild ráðherra til að reka skrifstofu eða að það geti gert samning við til þess bærar aðila um að halda utan um fjármuni og rekstur sjóðsins og starfsemi ráðsins.

Þá er gert ráð fyrir að sviðslistaráð geti leitað umsagna frá fagaðilum við úthlutun á styrkjum á grundvelli umsókna.

Þar sem frumvarp þetta fjallar um starfsemi atvinnufólks er ekki lengur að finna ákvæði um stuðning við starfsemi áhugaleikfélaga. Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að stuðningur við áhugastarfsemi á sviði hinna ýmsu listgreina falli innan ramma menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga eða með sérstöku framlagi á fjárlögum.

Sett er inn í IV. kafla sérákvæði um óperustarfsemi og að ráðherra sé heimilt að gera tíma- bundinn samning um fjárstuðning við slíka reglubundna starfsemi. Hér er einkum haft í huga að ráðherrar menningarmála og fjármála hafa um langt skeið gert samning við Íslensku óperuna um fjárstuðning. Ákvæði um að ráðherra sé heimilt að gera samning við atvinnuleikhús er felld undir ákvæði um sviðslistasjóð þar sem fé til sviðslista utan meginstofnana, þ.e. Þjóðleikhúss og Íslenska dansflokksins, yrði í sjóðnum. Það yrði því á könnu sviðslistaráðs að gera tillögu um það til ráðherra hvort gera ætti tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnusviðslistahóps, atvinnuleikhúss og sviðslistahátíða. Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára og gæti komið fram í þeim tillögum að æskilegt væri að gerðir yrðu tímabundnir samningar.

Með framangreindum breytingum er stefnt að því að sams konar rammalöggjöf gildi um sviðslistasviðið eins og önnur listasvið, þ.e. að ákvæði séu annars vegar um þær ríkisstofnanir sem starfa á viðkomandi sviði og hins vegar um sjóð og ráð sem vinni að framgangi sviðsins utan veggja stofnananna.

IV. Samráð.

Frumvarpið snertir þær tvær ríkisstofnanir sem starfa á sviðslistasviðinu, þ.e. Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn. Einnig snertir það félagasamtök, ýmsa leik- og danshópa, einstaklinga og aðra sem starfa á vettvangi sviðslista. Við fyrstu gerð frumvarpsins var haft samráð við þær tvær stofnanir sem málið varðar, svo og stjórn Leiklistarsambands Íslands. Fulltrúar þeirra voru boðaðir á fund í ráðuneytinu þar sem þeir fengu afhent drög að frumvarpi og gefinn frestur til að senda skriflegar athugasemdir. Þá var frumvarpið haft til almennrar kynningar á vef ráðuneytisins haustið 2011 þar sem kostur gafst á að senda inn athugasemdir eða ábendingar um efni þess. Ýmsir aðilar, svo sem samráðsnefnd fagfélaga innan Leiklistarsambands Íslands, stofnanir sem málið varðar, Bandalag íslenskra leikfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Stéttarfélag í almannáþjónustu og fáeinir einstaklingar gerðu athugasemdir. Samráðsnefndin sendi heildstæð drög að frumvarpi með umtalsverðum breytingum, en annars gerðu aðilar athugasemdir við einstakar greinar, til að mynda 3. gr., 4. gr., 12. gr., 18. gr. og 19. gr. auk ákvæðis til bráðabirgða um starfslok listdansara. Frumvarpstíllaga samráðsnefndarinnar gekk í mörgum tilvikum mun lengra en talið er eðlilegt í rammalöggjöf um sviðið, en við endurskoðun á frumvarpinu voru atriði í frumvarpsdrögum höfð til hliðsjónar. Ýmsir gerðu athugasemdir við hlutverk Þjóðleikhússins í 3. gr. Þær voru að mestu teknar til greina, en ekki var þó talið rétt að ganga svo langt að skilgreina aðalhlutverk Þjóðleikhússins sem frumflutning á íslenskum leikverkum. Athugasemdir við 4. gr. lutu aðallega að ráðningartíma þjóðleikhússtjóra og starfsmanna, en ákveðið var að víkja ekki frá almennum ákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Sama er að segja um athugasemdir við 12. gr. um ráðningartíma listdansstjóra og starfsgengisskilyrði. Meginathugasemd við 18. gr. laut að fjárframlagi til sviðslistasjóðs og lagt til að það næmi 50% af heildarfjármagni sem árlega er veitt til Þjóðleikhússins. Ekki er venja að tilgreina slíkt í lögum, heldur ræðst fjárhæð til úthlutunar af ákvörðun í fjárlögum hverju sinni. Nokkrar stofnanir óskuðu eftir að þær væru tilgreindar í 19. gr. en þar sem um rammalöggjöf er að ræða var þetta ekki tekið til greina. Gerð var athugasemd við að um starfslok listdansara væri fjallað í ákvæði til bráðabirgða. Þessari athugasemd hefur verið mætt með því að bæta inn í 21. gr. frumvarpsins að 5. gr. gildandi reglna um Íslenska dansflokkinn gildi áfram eftir gildistöku laganna.

Í byrjun sumars 2012 var haldinn samráðsfundur með fulltrúum frá Leiklistarsambandi Íslands til að ræða ýmsar ábendingar sambandsins.

Samráð var haft við fjármálaráðuneyti um kostnaðargreiningu á frumvarpinu og hvað varðar starfsmannamál.

V. Mat á áhrifum.

Telja má að samþykkt frumvarpsins muni skapa skýrari lagagrundvöll fyrir viðkomandi listastofnanir en ekki síst mun það styrkja starfsemi sviðslistahópa og skapa grundvöll til að stofna kynningarmiðstöð fyrir íslenskar sviðslistir til að standa að kynningu á þeim innan lands sem utan.

Hingað til hafa umsóknir um styrki til atvinnuleikhópa borist til ráðuneytisins þar sem þær hafa verið skráðar og umfjöllun leiklistarráðs undirbúin. Tillögur leiklistarráðs hafa síðan verið lagðar fyrir ráðherra til samþykktar og gengið frá bréfum til umsækjenda. Við samþykkt frumvarpsins færast þessi verkefni til sviðslistaráðs og þeirrar skrifstofu sem mun þjóna því enda er gert ráð fyrir að ákvarðanir sviðslistaráðs verði endanlegar á stjórnsýslusviði og sæti ekki kærur til ráðherra. Með þessu gæfist stjórnsýsla ríkisins betra tóm til að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru sameinuð ákvæði 1. og 2. gr. gildandi leiklistarlaga. Þá er tilgreint að ráðherra fari með yfirstjórn sviðslistamála í stað leiklistarmála. Hugtakið vísar til breiðara sviðs þannig að allar sviðslistir: leiklist, listdans, óperuflutningur, brúðuleikur og skyld liststarfsemi, sem ekki heyrir undir lög um aðrar listgreinar, falla undir það.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru felld saman ákvæði 3. og 4. gr. gildandi leiklistarlaga, en efnislega eru þau að mestu óbreytt. Eins og í gildandi lögum er þess getið að Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Hér er átt við stofnunina sem slíka og þá starfsemi sem þar fer fram, en ekki húseignina, enda fellur hún undir umsýslu Fasteigna ríkissjóðs. Í 9. gr. er hins vegar fjallað um bygginguna og að hún geti ekki staðið til tryggingar á skuldbindingum stofnunarinnar. Í greininni er hlutverk Þjóðleikhússins skilgreint. Sem fyrr er lögð áhersla á að Þjóðleikhúsið leitist við að efla íslenska leikritun og stuðli að þróun, en nú er einnig lögð sérstök áhersla á nýsköpun til að styrkja m.a. íslenska leikritun og þróun í sviðsetningu leikverka. Leikhúsið hefur rækt hlutverk sitt á ýmsan máta, en æskilegt er að þessir þættir verði eflir í starfsemiinni eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skilgreind helstu verkefni Þjóðleikhússins. Meginverkefnið er að sýna íslensk og erlend leikverk, ný sem gömul, og stuðla að frumsköpun í íslenskum sviðslistum. Sem þjóðarleikhús hefur það ríkar skyldur við að kynna breiddina í leikbókmenntum, íslenskum sem erlendum, nýjum sem gömlum. Miðla þarf menningararfinum en ekki síður að skapa grundvöll fyrir frumsköpun til að styrkja íslenska leikritun. Lögð er áhersla á að verkefnaval sé fjölbreytt þannig að starfsemi leikhússins höfði til breiðs hóps áhorfenda, en með þessu er þó á engan hátt verið að draga úr listrænum metnaði leikhússins. Sérstök áhersla er lögð á verk sem höfða til barna og unglinga og fræðslustarf þar sem mikilvægt er að Þjóðleikhúsið sinni vel leiklistaruppeldi ungu kynslóðarinnar. Þá er áréttað að lögð sé rækt við íslenska leikritun og gerð sú krafa að íslensk leikverk séu á dagskrá leikhússins á hverju leikári. Hér er átt við bæði frumsamin leikverk og leikgerðir byggðar á skáldsögum, en fyrra þættinum þarf ekki síst að hlúa enn frekar að. Í reglugerð og við skipulagningu á starfsemi leikhússins ætti að útfæra nánar hvernig standa ætti að því starfi. Einnig er í greininni lögð sú skylda á Þjóðleikhúsið að það standi fyrir leikferðum. Þjóðleikhúsið er leikhús allra landsmanna og gegnir því ríkum skyldum við alla þjóðina. Leikhúsið hefur staðið fyrir leikferðum út á land og átt í góðu samstarfi við aðila á landsbyggðinni, t.d. um verkefnið Þjóðleik. Þá hefur leikhúsið einnig kynnt íslensk leikverk og leikgerðir á farsælan hátt á erlendri grundu

og tekið þátt í ýmsu erlendu samstarfi. Leikhúsið getur sinnt þessum leikferðum eftir því sem aðstæður leyfa.

Um 4. gr.

Ráðherra skipar Þjóðleikhússtjóra að fenginni umsögn Þjóðleikhúsráðs. Í greininni er lagt til að Þjóðleikhússtjóri hafi háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu á sviðslistum og starfssviði leikhúss, enda er mikilvægt að starfi Þjóðleikhússtjóra gegni einstaklingur með traustan bakgrunn. Þess skal getið að ekki eru mjög mörg ár liðin frá því að nám í leiklist færðist á háskólastig. Við auglýsingu á starfinu er hægt að skilgreina frekar æskilega eiginleika og hæfni ef svo ber undir.

Til umræðu hefur verið á vettvangi listamanna að breyta skipunartíma Þjóðleikhússtjóra þannig að hann geti setið tvö fjögurra ára tímabil. Þannig var ákvæði eldri laga um Þjóðleikhúsið, nr. 58/1978. Fjögurra ára tímabilinu var breytt í fimm ár við samþykkt laga nr. 83/1997, um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þessi ósk um hámarksskipunartíma helgast m.a. af því að um er að ræða stefnumótandi listræna stöðu og því sé æskilegt að sami einstaklingur sitji ekki of lengi. Þess ber hins vegar að geta að almennt eru forstöðumenn ríkisstofnana skipaðir til fimm ára í senn og er því eðlilegt að halda sömu lengd á skipunartíma fyrir Þjóðleikhússtjóra. Einnig ber að nefna að það er almenn stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins að forstöðumenn lista- og menningarstofnana sitji ekki lengur en tvö skipunartímabil í embætti. Með því móti er tryggt að endurnýjun verði í forystu þeirra stofnana og stuðlað að slík störf verði með reglulegum hætti laus til umsóknar eins og Bandalag íslenskra listamanna hefur m.a. hvatt til. Lagt er til að ráðningartími Þjóðleikhússtjóra verði fimm ár í senn eins og forstöðumanna annarra ríkisstofnana. Hins vegar er lagt til að fallið verði frá því ákvæði sem er í gildandi leiklistarlögum að auglýsa skuli embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils, heldur verði veitt heimild til að endurnýja skipunina einu sinni til fimm ára ef meiri hluti Þjóðleikhúsráðs mælir með því. Þjóðleikhúsið er eina ríkisstofnunin sem hefur verið undirseld því ákvæði að auglýsa starf forstöðumannsins laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Við setningu gildandi leiklistarlaga var talsverður þrýstingur á að svo væri. Hins vegar er spurning hvort eitthvað annað eigi að gilda um listastofnanir en ríkisstofnanir almennt. Grundvallarreglan samkvæmt starfsmannalögum er skipun í fimm ár í senn, en að ákveða beri sex mánuðum áður en ráðningartími rennur út hvort auglýsa beri stöðuna. Eins og fyrr er getið hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið markað þá stefnu að ráðningartími forstöðumanna lista- og menningarstofnana verði takmarkaður við tvö skipunartímabil.

Þjóðleikhússtjóri ræður starfsmenn. Grundvallarreglan er að starfsmenn leikhússins eru ráðnir í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Samkvæmt þeim skulu starfsmenn ríkisins vera ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Sá frestur skal vera þrjú mánuðir að loknum reynslutíma. Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið til tveggja ára í samræmi við 41. gr. fyrrgreindra laga. Slík ráðning getur þó aldrei varað samfellt lengur en í tvö ár. Þjóðleikhúsið getur nýtt sér þetta heimildarákvæði til að skapa meiri sveigjanleika og til að gefa sitjandi Þjóðleikhússtjóra hverju sinni möguleika á að hafa áhrif á samsetningu starfsmannahópsins. Á grundvelli ákvæða í 2. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, hafa verið settar sérreglur um hvernig standa skuli að auglýsingum um laus störf hjá Þjóðleikhúsinu, dags. 29. júní 2010. Samkvæmt fyrrgreindum lögum ber að auglýsa störf. Með því að nýta ákvæðið um sérreglur yrði væntanlega hægt að auka gagnsæi en draga jafnframt úr

kostnaði. Hér yrði sennilega einkum um það að ræða að verkefni og laus störf yrðu auglýst á vettvangi viðkomandi stéttarfélaga.

Um 5. gr.

Við setningu leiklistarlaga, nr. 138/1998, varð sú breyting á skipun Þjóðleikhúsráðs að ráðið var ekki lengur skipað eftir hverjar alþingiskosningar, þar sem fjórir af fimm ráðsfulltrúum voru tilnefndir af fjórum stærstu þingflokkunum, en sá fimmti skipaður samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra leikara. Sú tilhögun hafði verið frá því að Þjóðleikhúsið tók til starfa árið 1950. Samkvæmt gildandi lögum tilnefnir Félag íslenskra leikara einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan fulltrúa en þrír eru skipaðir án tilnefningar, tveir frá stjórnarmeirihluta og einn frá stjórnarandstöðu. Þó að skipunartími ráðsins sé fjögur ár takmarkast starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar við embættistíma ráðherrans sem skipar þá ef hann situr skemur en fjögur ár. Þetta er fellt út. Óþarfa óhagræði skapast af þessu en í reynd hafa ekki orðið mannskípti þó að ráðherraskípti hafi orðið. Í þessari grein er gert ráð fyrir að áfram verði fimm fulltrúar í Þjóðleikhúsráði. Leiklistarsamband Íslands eru heildarsamtök félaga og stofnana á sviðslistasviðinu og því eðlilegt að það tilnefni tvo fulltrúa en ráðherra skipi þrjá án tilnefningar.

Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um stöðu og ábyrgð forstöðumanna hefur hlutverki Þjóðleikhúsráðs verið breytt í þá veru að það veitir umsögn um árlegar starfs- og rekstraráætlanir og vinnur með Þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina, en þarf ekki lengur að samþykkja slíkar áætlanir. Með fyrrgreindum lögum ber forstöðumaður ábyrgð á bæði listrænum og fjárhagslegum þáttum í starfinu og því er óeðlilegt að ráðið þurfi að samþykkja áætlanir, eins og kveðið er á um í gildandi leiklistarlögum. Eftir sem áður hefur ráðið eftirlitshlutverk, en mjög mikilvægt er að það geti sinnt því vel.

Um 6. gr.

Greinin er að hluta óbreytt frá 10. gr. í gildandi lögum. Leikhúsið hefur átt farsælt samstarf við ýmsa aðila. Á seinni árum hefur samstarf við ýmsa atvinnuleikhópa aukist. Mikilvægt er að slíkt samstarf skapi listrænan ávinning fyrir leikhúsið og auki fjölbreytni jafnframt því að samstarfið styðji við listrænt starf atvinnuleikhópa. Einnig er mikilvægt að þess sé gætt sem best að jafnræði ríki milli aðila í öllu faglegu starfi, en hins vegar ber leikhúsið ekki fjárhagslega ábyrgð á starfskjörum sjálfstæðra atvinnuleikhópa sem fá aðstöðu í leikhúsinu umfram það sem aðilar gera samkomulag um. Þá hefur verið bætt við ákvæði um að leikhúsið skuli stuðla að listuppeldi og fræðslustarfi í samstarfi við menntastofnanir og gera nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi leikhússins eftir því sem við verður komið. Hér er fest í sessi mikilvægt starf sem leikhúsið hefur í ríkari mæli reynt að sinna. Í þessu starfi sem öðru skal leikhúsið gæta þess að raska ekki eðlilegri samkeppnisstöðu þeirra sem starfa að sviðslistum.

Um 7.–9. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá ákvæðum 11., 12. og 13. gr. gildandi leiklistarlaga.

Um 10. gr.

Bætt er við nýjum kafla um Íslenska dansflokkinn. Dansflokkurinn hefur starfað á grundvelli reglna sem menntamálaráðherra setti, fyrst nr. 878/1999 og síðar reglna nr. 14/2002

ásamt reglum nr. 918/2004 um breytingu á þeim. Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. leiklistarlaga, nr. 138/1998, og skv. heimild í 19. gr. sömu laga. Til að skjóta styrkari stöðum undir starfsemi Íslenska dansflokksins er í þessari grein skilgreind staða dansflokksins enda er dansflokkurinn orðinn fullgild ríkisstofnun.

Í greininni er hlutverk Íslenska dansflokksins skilgreint á sama hátt og verið hefur í reglum flokksins. Auk þess að sýna listdans ber flokknum að stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og þróun danslistar á Íslandi. Flokkurinn hefur hingað til verið öflugur vettvangur þessa, m.a. með því að ráða til sín danshöfunda, íslenska og erlenda, standa fyrir listdanssmíðu og ýmsum þróunarverkefnum.

Um 11. gr.

Aðalverkefni Íslenska dansflokksins eru sýningar á íslenskum og erlendum dansverkum sem þegar eru til eða eru samin sérstaklega fyrir flokkinn. Dansflokkurinn skal leggja áherslu á fjölbreytni í verkefnavali sínu til að ná til breiðs hóps áhorfenda. Lögð er áhersla á að Íslenski dansflokkurinn hlúi að og styðji gerð íslenskra dansverka, en einnig ber honum að kynna erlend dansverk. Þá er lögð áhersla á að dansflokkurinn sinni fræðslu- og kynningarstarfi eins og hingað til og standi fyrir sýningarferðum innan lands. Flokknum er heimilt að standa fyrir sýningarferðum til annarra landa eftir því sem aðstæður leyfa. Á undanförunum árum hefur dansflokkurinn farið í margar sýningarferðir til útlanda og hefur oft hlotist af því fjárhagslegur ávinningur, fyrir utan mikilvægan listrænan ávinning. Mikilvægt er að dansflokkurinn geti áfram ástundað slíkar sýningarferðir, en það er þó háð fjárhagslegum forsendum hverju sinni.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt ákvæðum um starfþjóðleikhússtjóra og ráðningarmál starfsmanna, sbr. það sem segir um 4. gr. hér að framan. Þess skal getið að mjög stutt er síðan nám í listdansi færðist á háskólastig hér á landi. Við ráðningu listdansstjóra þarf því að huga vel að menntunarskilyrðum sem leggja skal til grundvallar þegar starfið er auglýst laust til umsóknar.

Um 13. gr.

Samkvæmt gildandi reglum skipar ráðherra tvo fulltrúa í stjórn dansflokksins án tilnefningar, en einn er tilnefndur af Félagi listdansara á Íslandi. Lagt er til að þessu verði haldið áfram en þó þannig að Leiklistarsamband Íslands, sem er heildarsamtök sviðslista, stofnana sem félaga, tilnefni einn fulltrúa. Félag listdansara á Íslandi á aðild að Leiklistarsambandinu. Tveir yrðu skipaðir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Ákvæði þessarar greinar um hlutverk stjórnar er hliðstætt ákvæðum um starfþjóðleikhúsráðs, sbr. það sem segir um 5. gr. hér að framan.

Um 14. gr.

Íslenski dansflokkurinn hefur átt í góðu samstarfi við ýmsa aðila, innan lands sem utan, og er eðlilegt að hann haldi því áfram og styrki það samstarf. Hann hefur lagt rækt við að kynna nemendum af báðum kynjum listdans og starfsemi dansflokksins og stuðla að sem jafnastri þátttöku kynjanna í listdansverkefnum.

Um 15. gr.

Hér er um að ræða óbreytt ákvæði frá gildandi reglum.

Um 16. gr.

Lagt er til að ákvæði um skipun leiklistarráðs í 17. gr. gildandi laga breytist í ákvæði um sviðslistaráð. Í stað þriggja manna ráðs er lagt til að fimm fulltrúar sitji í ráðinu sem skipaðir yrðu til þriggja ára. Leiklistarsamband Íslands er, eins og fyrr segir, heildarsamtök þeirra sem starfa á vettvangi sviðslista og því eðlilegt að sambandið tilnefni fjóra fulltrúa. Með því er leitast við að tryggja að hinar ýmsu sviðslistagreinar eigi fulltrúa í ráðinu. Einn fulltrúi yrði skipaður án tilnefningar og yrði hann formaður ráðsins. Varaformann skipi ráðherra úr hópi ráðsmanna. Skipunartími er einnig lengdur um eitt ár frá gildandi lögum en það er í samræmi við ákvæði í lögum um aðra sjóði á listasviðinu. Til að skapa eðlilega endurnýjun má sami maður ekki sitja lengur en tvö skipunartímabil í ráðinu, þ.e. alls sex ár. Þessi skipan er hliðstæð skipan stjórnar bókmenntasjóðs. Regla hæfilegrar armslengdar, þ.e. að valdið er fært til þeirra sem mestra hagsmuna hafa að gæta og besta þekkingu hafa, er viðhöfð þar sem 4/5 ráðsmanna eru tilnefndir af heildarsamtökum sviðslistafólks. Þetta gefur hagsmunaaðilum mikið vald en leggur ekki síður mikla ábyrgð þeim á herðar.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. 17. gr. er hlutverk sviðslistaráðs skilgreint. Það er viðtækara samkvæmt frumvarpinu en leiklistarráð hefur samkvæmt gildandi lögum því það á auk þess að úthluta fé úr sviðslistasjóði að vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni sviðslista í landinu með því að veita umsögn um mál sem ráðherra vísar til þess, stuðla með virkum hætti að kynningu á íslenskum sviðslistum, þ.e. sviðslistamönnum og listsköpun þeirra, hér á landi og erlendis, og stuðla að auknu alþjóðlegu samstarfi íslenskra sviðslistamanna og stofnana. Um er að ræða hliðstætt hlutverk stjórnar og í tilvikum bókmenntasjóðs og væntanlegrar Miðstöðvar íslenskra bókmennta samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til breytinga á lögum um bókmenntasjóð og fleira, svo og myndlistarráðs samkvæmt myndlistarlögum, sbr. 11. gr. laga nr. 64/2012. Veigamikið hlutverk ráðsins er að úthluta úr sviðslistasjóði til margvíslegra verkefna innan sviðslista, hliðstætt því sem leiklistarráð gerir tillögu um samkvæmt gildandi lögum. Hér er um að ræða verkefni innan allra greina sviðslista, sbr. skilgreiningu í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. leiklistar, listdans, óperuflutnings, brúðuleiks og annarrar skyldrar starfsemi innan sviðslista. Um getur verið að ræða styrki til einstakra verkefna eða styrki til starfsemi atvinnusviðslistahópa.

Samkvæmt d-lið 17. gr. er gert ráð fyrir að hluti af starfi sviðslistaráðs sé kynning á íslenskum sviðslistum hér á landi og erlendis. Um skeið hefur Leiklistarsamband Íslands hvatt til þess að komið yrði á fót sviðslistamiðstöð sem stæði að slíkum kynningarmálum. Um yrði að ræða hliðstæða starfsemi og Bókmenntasjóður, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Hönnunarmiðstöð Íslands og Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar sinna hvert á sínu sviði til að koma viðkomandi listamönnum og listsköpun þeirra á framfæri. Vegna umfangs slíkra kynningarverkefna og umsýslu sviðslistasjóðs er talið nauðsynlegt að ráðherra geti veitt ráðinu heimild til að reka skrifstofu eða semja við utanaðkomandi aðila um umsýslu sjóðsins og framkvæmd verkefna. Með ákvæði þessarar greinar er skapaður grundvöllur fyrir því að stofnuð verði kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista með fjárstuðningi frá ríkinu.

Ráðið getur sjálf rekið skrifstofu/kynningarmiðstöð hliðstætt því sem Bókmenntasjóður hefur gert eða samið við til þess bærán aðila. Ef síðari kostur yrði valinn yrðu verkefni skilgreind í samningi við viðkomandi og hvaða fjármagn fylgdi.

Á síðustu árum hafa íslenskir sviðslistahópar sem og aðrir listahópar leitað á erlend mið með listsköpun sína. Hins vegar hefur þá skort nauðsynlegan stuðning í kynningarstarfi og uppbyggingu tengslanets. Leiklistarsamband Íslands fékk styrk á fjárlögum 2011 til að sinna kynningarstarfi. Einnig hefur skrifstofa Sjálfstæðu leikhúsanna fengið rekstrarframlag á fjárlögum og sinnt ýmsu kynningarstarfi. Sama má segja um rekstraraðila dansverkstæðis sem einnig hefur notið fjárstyrkja. Kynningarmiðstöð mundi gegna veigamiklu hlutverki og taka við verkefnum þessara aðila. Einnig sæi slík skrifstofa eða miðstöð um skipulagningu heimsóknna erlendra áhrifaaðila hingað til lands sem lið í að koma íslenskum sviðslistum á framfæri á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er því að góð og breið samstaða skapist innan sviðslistageirans um hvernig standa skuli að málum til að fjármagn nýtist sem best.

Leiklistarsamband Íslands gaf annað hvert ár út yfirlitsrit á ensku um íslenska leikritun undir heitinu „Theatre in Iceland“ með tilstyrk frá ráðuneytinu. Nú er ritið orðið rafrænt á vegum sambandsins. Ekki er óeðlilegt að útgáfa ritsins færast á ábyrgðarsvið sviðslistaráðs í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Um 18. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir stofnun sviðslistasjóðs. Hlutverk sjóðsins er að efla sviðslistir með fjárhagslegum stuðningi og kosta önnur verkefni, sbr. skilgreiningu á hlutverki sviðslistaráðs í 17. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki m.a. við fjárveitingum til atvinnuleikhópa og öðrum stuðningi sem ráðuneytið hefur veitt sviðslistum atvinnumanna. Á fjárlögum hefur verið fjárveiting til starfsemi atvinnuleikhópa og hefur leiklistarráð gert tillögu til ráðherra um úthlutun. Þá hefur ráðuneytið t.d. stutt skrifstofu Sjálfstæðu leikhópanna, Dansverkstæði, LOKAL leiklistarhátíð, þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, leikferðir til útlanda og sitthvað fleira. Með tilkomu sviðslistasjóðs er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki við stuðningi við sviðslistastarfsemi utan þeirra ríkisstofnana sem lög þessi fjalla einnig um.

Í gildandi leiklistarlögum er í 16. gr. heimildarákvæði til handa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra „fyrir hönd ríkissjóðs að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið, með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum. Heimilt er einnig að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista. Í þessum efnunum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði.“ Hér var einkum verið að hugsa um Leikfélag Akureyrar og Íslensku óperuna. Fjárframlag ríkisins til Leikfélags Akureyrar hefur um árabil verið innan menningarsamnings ríkisins við Akureyrbæ og í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði um reglubundna óperustarfsemi, sbr. 19. gr., en með því ákvæði er skapaður laga- grundvöllur fyrir samning ríkisins við Íslensku óperuna. Reiknað er með að sviðslistasjóður sjái alfarið um annan stuðning við sviðslistir atvinnumanna fyrir utan þær ríkisstofnanir sem að þeim starfa, svo og samning um reglubundna óperustarfsemi sem, eins og staðan er, nú er á könnu Íslensku óperunnar. Í greininni er lagt til að sviðslistaráð geti gert tillögu til ráðherra um að gerður verði tímabundinn samningur um stuðning við starfsemi atvinnusviðslistahópa, atvinnuleikhúsa og sviðslistahátíða, en það skilyrði er sett að hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög styðji einnig viðkomandi aðila. Um gæti verið að ræða þríhliða samn-

inga ef svo verkaðist eða að ríkið gerði sérsamning þegar fyrir liggur að viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög geri slíkt hið sama. Í reglugerðarákvæðum um sviðslistasjóð yrðu skilgreind frekar þau skilyrði sem viðkomandi aðilar þyrftu að uppfylla. Í greininni er lagt til að heimilt verði að gera slíka samninga við lögaðila atvinnusviðslistahóps, atvinnuleikhúss og sviðslistahátíðar. Með slíkum tímabundnum samningum er verið að gefa aðilum svigrúm til meiri samfelli í starfi í ákveðinn tíma. Mikilvægt er að gætt sé að ákveðinni endurnýjun.

Varðandi 4. mgr. 18. gr. vísast til athugasemda við 17. gr.

Gerð er tillaga um að sviðslistaráð úthluti árlega úr sviðslistasjóði og að ákvarðanir ráðsins séu endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til ráðherra. Úthlutanir geta verið fleiri en ein á ári ef sviðslistaráð metur það, svo og hefur gert ráð fyrir slíku í starfsáætlunum sínum. Þetta er hliðstætt ákvæðum í lögum um bókmenntasjóð þar sem stjórn sjóðsins sér um úthlutanir úr sjóðnum.

Ráðið skal gera tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn en í því felst m.a. hvernig leggja eigi megináherslur í starfinu á tímabilinu á mismunandi viðfangsefni, svo sem styrki til atvinnuleikhópa, starfsemi atvinnuleikhúsa, kynningarmála, leikferða til útlanda og samstarfsverkefna. Eðlilegast er að slíkt sé gert í upphafi hvers skipunartímabils, en með því móti gefst nýju ráði tóm til að meta stöðuna og gera tillögu um aðrar áherslur. Ráðherra setur sjóðnum reglur um starfsemi hans, m.a. hvað snertir auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Slíkar reglur þurfa að vera skýrar gagnvart umsækjendum og í samræmi við reglur stjórnsýslunnar. Sökum þess að gera má ráð fyrir að sótt verði um styrki til mjög mismunandi verkefna þykir rétt að veita sviðslistaráði heimild til að leita til sérfræðinga um mat á umsóknum sem síðan verði lagt fyrir ráðið.

Með tilkomu nýrra laga um listamannalaun og stofnun launasjóðs sviðslistafólks breyttist hlutverk leiklistarráðs. Leiklistarráð gerði tillögu til stjórnar listamannalauna um úthlutun starfslauna til leikhópa. Samkvæmt nýju lögnum er skipuð sérstök úthlutunarnefnd með fulltrúum tilnefndum af Leiklistarsambandi Íslands. Fyrirnefndum hópum ber þó að eiga gott samstarf sín á milli. Á þetta reyndi fyrst á árinu 2010 við úthlutanir til leikhópa, annars vegar á grundvelli tillagna frá leiklistarráði um verkefnastyrk og hins vegar ákvarðanir úthlutunarnefndar um starfslaun til sviðslistafólks. Síðan hefur verið reynt að sníða af agnúa sem upp komu við fyrstu úthlutun úr launasjóði sviðslistafólks og hafa seinni úthlutanir gengið vel fyrir sig.

Um 19. gr.

Fyrir daga Íslensku óperunnar setti Þjóðleikhúsið oft upp óperusýningar. Íslenska óperan hefur hins vegar verið starfrækt um langt árabil og frá stofnun hennar hafa óperusýningar nær eingöngu verið á vegum hennar. Hún hefur notið fjárstuðnings opinberra aðila. Lengi framan af styrktu ríki og Reykjavíkurborg Íslensku óperuna, en á seinni árum hefur eingöngu ríkið veitt henni fjárstuðning, á grundvelli tímabundins samnings. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að Þjóðleikhúsinu sé beint ætlað að sinna óperustarfsemi eins og í gildandi lögum, er gerð tillaga um að setja inn sérstakt ákvæði um reglubundna óperustarfsemi, m.a. til að skapa grundvöll fyrir óperuflutning á vegum lögaðila, félaga eða stofnana. Hér er einkum verið að leggja tryggari grunn að starfsemi Íslensku óperunnar. Samningar ríkisins við Íslensku óperuna hafa verið gerðir á grundvelli heimildarákvæðis í 16. gr. gildandi laga. Í þessari grein er fyrst og fremst horft til þess að tryggja grundvöll Íslensku óperunnar. Gert er ráð fyrir að önnur óperuverkefni falli undir sviðslistasjóð.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Lagt er til að leiklistarlög, nr. 138/1998, falli úr gildi við gildistöku nýrra laga. Enn fremur falli úr gildi reglur nr. 14/2002 um starfsemi Íslenska dansflokksins að undanskilinni 5. gr. sem fjallar um starfslok fastráðinna listdansara. Með því verða kjör fastráðinna listdansara Íslenska dansflokksins óbreytt þar til annað yrði ákveðið t.d. í kjarasamningum um laun og önnur starfskjör listdansara Íslenska dansflokksins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Æskilegt er að ráðuneytið geti undirbúið gildistöku laganna með því að leita eftir tilnefningum í Þjóðleikhúsráð, stjórn Íslenska dansflokksins og sviðslistaráð þannig að þau geti tekið til starfa sem fyrst eftir gildistöku laganna. Gildistaka laganna raskar hvorki skipunartíma núverandi Þjóðleikhússtjóra né listdansstjóra. Ákvæði annars vegar 4. gr. og hins vegar 12. gr. um skipunartíma gilda frá og með að nýr aðili er skipaður í embætti eftir gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til sviðslistalaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn rammalöggjöf um sviðslista-greinar en til þeirra teljast m.a. listdans, brúðleikhús auk fleiri skyldra listgreina. Frumvarpið byggist að hluta á leiklistarlögum, nr. 138/1998, sem gert er ráð fyrir að verði felld úr gildi 1. janúar 2013 með gildistöku frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru hlutverk og verkefni Þjóðleikhúsráðs, Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins skilgreind auk þess sem kveðið er á um fjárstuðning við óperuflutning. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um stofnun sviðslistasjóðs og skipan sérstaks sviðslistaráðs sem m.a. er ætlað að taka við verkefnum leiklistarráðs og að vera þar með umsagnaraðili og veita ráðherra ráðgjöf varðandi stefnu og áherslur í starfi sviðslistasjóðs. Ráðinu er einnig ætlað að efla íslenska sviðslist á innlendum og erlendum vettvangi með úthlutunum úr sviðslistasjóði sem gert er ráð fyrir að komi í stað fjárveitinga sem verið hafa til atvinnuleikhópa í fjárlögum. Allur kostnaður ráðsins verður greiddur af sjóðnum samkvæmt frumvarpinu.

Til þess að annast framkvæmd kynningarverkefna og umsýslu sviðslistasjóðs verður sviðslistaráði heimilt að reka eða fela öðrum rekstur sérstakrar skrifstofu. Hér virðist vera kominn vísir að skrifstofu sem yrði afar lítil í sniðum líkt og Miðstöð íslenskra bókmennta er ætlað að verða samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007. Nokkur fjöldi slíkra skrifstofa og stofnana sem hafa sambærileg verkefni eru nú starfandi annaðhvort alfarið á vegum ríkisins eða með fjárhagslegum stuðningi þess. Þær eiga það allar sammerkt að hafa það hlutverk að efla listgreinar hver á sínu sviði, ýmist með styrkveitingum til útgáfu og sinna kynningar- og markaðsmálum heima og erlendis. Um

er að ræða skrifstofur eins og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Hönnunarmiðstöð Íslands og Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar. Ekki verður séð að rekstur margra og smárra sambærilegra eininga sé í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar um að sameina og stækka ríkisstofnanir til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri samhliða því að treysta fagleg vinnubrögð innan stjórnsýslunnar. Þegar starfseining tekur einungis til örfárra starfsmanna hlýtur ávallt að þurfa að taka til skoðunar hvort hægt sé að sameina hana öðrum litlum einingum eða tengja við aðra stærri.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutverki þjóðleikhússráðs verði breytt þannig að það veiti umsagnir um árlegar starfs- og rekstraráætlanir fremur en að samþykkja slíkar áætlanir eins og hingað til. Með þessu færast stjórnunarfyrirkomulag stofnunarinnar nær því horfi sem algengast er fyrir ríkisstofnanir. Fjármálaráðuneytið fær þó ekki séð að þörf sé fyrir að sérstakt ráð hafi fjárhagsáætlanir til umsagnar við þessa stofnun fremur eru aðrar og telur að það geti hamlað fjárhagslegri ábyrgð forstöðumanns á starfseminni þótt tilefni gæti þótt vera fyrir umfjöllun slíks ráðs um faglega eða listræna stefnumörkun.

Lögfesting frumvarpsins miðar að breytingum á fyrirkomulagi og skipulagi í stjórnsýslu og starfsemi sviðslista sem ekki fela beinlínis í sér aukið umfang og kostnað í málaflokknum. Gera verður ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið muni nýta til reksturs stofnana, úthlutunarsjóða og hugsanlegs reksturs skrifstofu sviðslistaráðs þær fjárheimildir sem nú þegar eru ætlaðar til sams konar verkefna í fjárlögum.